

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 280/2022

frá 28. október 2022

**um breytingu á V. viðauka (Frjáls för launþega) og VIII. viðauka
(Staðfesturéttur) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1516 frá 8. september 2022 um breytingu á framkvæmdaákvörðun (ESB) 2021/1073 um tækniforskriftir og reglur um framkvæmd traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID, sem komið var á með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 ⁽¹⁾.
- 2) V. og VIII. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við lið 10a (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1073) í V. viðauka við EES-samninginn:

„– **32022 D 1516:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1516 frá 8. september 2022 (Stjtið. ESB L 235, 12.9. 2022, bls. 61).“

2. gr.

Eftirfarandi er bætt við lið 11a (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1073) í VIII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32022 D 1516:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1516 frá 8. september 2022 (Stjtið. ESB L 235, 12.9. 2022, bls. 61).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2022/1516, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 235, 12.9.2022, bls. 61.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 29. október 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. október 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kristján Andri Stefánsson

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.